

# Siðareglur Origo fyrir birgja og samstarfsaðila

## Tilgangur og markmið

Origo er stór kaupandi búnaðar og þjónustu og því í kjöraðstæðum til þess að hafa áhrif á samfélagið. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á samfélagslega ábyrgð í starfsemi sinni og hefur sett sér þá stefnu að hafa sjálfbærni að leiðarljósi í sinni virðiskeðju. Siðareglur Origo fyrir birgja byggja á UFS viðmiðum Nasdaq (útg. febrúar 2020).

Birgjar og samstarfsaðilar Origo leika stórt hlutverk í aðfangakeðju félagsins. Þess vegna gerir Origo þá kröfu til allra sinna birgja að þeir fari eftir siðareglum félagsins. Félagið áskilur sér rétt til að kalla eftir frekari upplýsingum frá birgja til staðfestingar á því að siðareglunum sé framfylgt. Brjóti birgi eða samstarfsaðili siðareglur Origo er honum gefinn tími til þess að bæta starfsemi sína til samræmis við þær. Að öðrum kosti getur brot á siðareglunum leitt til áminningar eða uppsagnar á birgja- eða samstarfssamningi í alvarlegustu tilvikum.

## Umhverfismál

Árið 2015 setti Origo sér umhverfisstefnu og aðgerðaráætlun í umhverfismálum auk þess að skrifa undir Loftslagsyfirlýsingu Reykjavíkurborgar og Festu. Origo hefur frá þeim tíma lagt áherslu á að lágmarka kolefnisfótspor sitt.

- Origo gerir þá kröfu til birgja og samstarfsaðila að starfsemi þeirra sé hagað á umhverfisvænan hátt.
- Lögð er áhersla á að birgjar og samstarfsaðilar hafi markað sér stefnu í umhverfismálum þannig að umhverfisáhrif séu þekkt og haldið sé utan um þau með markvissum hætti.
- Origo leggur jafnframt áherslu á að birgjar og samstarfsaðilar þekki kolefnisfótspor sitt og leitist við að draga úr því.

## Félagslegir þættir

Birgjar og samstarfsaðilar skulu leggja áherslu á í starfsemi sinni að alþjóðleg mannréttindi séu virt og marka sér stefnu í mannréttindamálum. Leggja skal áherslu á jafnrétti, bann við andlegu og líkamlegu ofbeldi, fullnægjandi vinnuaðstæður ásamt því að koma í veg fyrir barna- og nauðungavinnu í virðiskeðju sinni.

- Birgjar og samstarfsaðilar virði og viðurkenni rétt starfsmanna til félagafrelsis og gerð kjarasamninga.
- Birgjar og samstarfsaðilar tryggi og beri ábyrgð á að allir starfsmenn og undirverktakar á þeirra vegum fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi lög hverju sinni.

- Birgjar og samstarfsaðilar tryggja að starfsmenn þeirra vinni í umhverfi sem uppfyllir gildandi lög og reglur hvað varðar aðbúnað á vinnustað og til staðar sé viðeigandi búnaður til að starfsmenn geti sinnt starfi sínu. Jafnframt skal tryggja að starfsmenn séu rétt þjálfaðir til að gæta fyllsta öryggis á vinnustað og til að draga úr slysaáhættu.
- Birgjar og samstarfsaðilar virði jafnrétti starfsmanna og starfsmönnum sé ekki mismunað, s.s. á grundvelli kyns, þjóðernis, trúarbragða eða kynhneigðar.
- Birgjar og samstarfsaðilar tryggja að starfsmenn og undirverktakar í þeirra virðiskeðju starfi án nauðungar og börn undir lögaldri séu ekki ráðin til starfa sem geta verið hættuleg eða skað leg heilsu þeirra og öryggi.

### **Ábyrgir stjórnarhættir**

Í tengslum við stjórnarhætti þá leggur Origo áherslu á að birgjar viðhafi ábyrga stjórnarhætti í starfsemi sinni.

- Birgjar og samstarfsaðilar leggj áherslu á bann við spillingu og viðhafi gott siðferði í viðskiptum og ábyrgist að starfsmenn og stjórnendur þiggi ekki mútur.
- Birgjar og samstarfsaðilar skuli forðast hagsmunaárekstra, þ.e. að setja aðra hagsmuni frammar hagsmunum Origo.
- Birgjar leitist við að vinna markvisst að jákvæðum áhrifum allra þátta UFS viðmiða.
- Birgjar upplýsi viðurkennda aðila um árangur sinn við hlítingu UFS viðmiðanna.

Samþykktar af forstjóra Origo 29. desember 2020.